

# Verbúðir á Húsahjalla

Fornleifarannsókn við Fjallahöfn á Tjörnesi

Guðmundur Ólafsson



6

# Verbúðir á Húsahjalla

Fornleifarannsóknarvið Fjallahöfn á Tjörnesi

Guðmundur Ólafsson



Ljósmynd á forsíðu: Horft niður yfir minjarnar við Fjallahöfn. Beitarhús og gerði eru fremst á myndinni. Verbúðatættur sem rannsakaðar voru eru fremst á brekkubrúnni. Grjóthlaðin rétt sést í fjörunni fyrir neðan hjallann og ofarlega til hægri sér móta fyrir tveimur til þremur litlum grjótbyrgjum í fjörunni. GOL20000503.

© 2001 Þjóðminjasafn Íslands / Guðmundur Ólafsson  
Öll réttindi áskilin.

ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg - Hraðlestin

# Efnisyfirlit

## Contents

Inngangur .....	5
Fornleifaskráning .....	5
Vettvangsrannsókn .....	6
Tóft 1 .....	6
Tóft 2 .....	7
Tóft 3 .....	8
Snið .....	8
Snið 1 (T2000-5-2) .....	9
Snið 2 (T2000-5-4) .....	10
Snið 3 (T2000-5-3) .....	10
Fundir .....	10
Niðurstöður .....	10
Aldur .....	12
Aðrar minjar .....	12
Brunnur? .....	12
Beitarhús .....	14
Fjaran .....	14
Lokaorð .....	15
Heimildir .....	15
Loftmynd af vegstæði .....	16



# Verbúðir á Húsahjalla

## Fornleifarannsókn við Fjallahöfn á Tjörnesi

### Inngangur

Í bréfi dagsettu 26. maí 2000 fór Vegagerðin á Akureyri þess á leit við Þjóðminjasafn Íslands að það tæki að sér rannsókn á minjum á svonefndum Húsahjalla við Fjallahöfn. Ástæða rannsóknarinnar var sú að fyrirhugað er að færa núverandi vegstæði um Auðbjargarbrekku á Tjörnesi í Suður Þingeyjarsýslu. Nýi vegurinn mun fara niður fyrir Hafnarbjörg, skáskera bjargið ofan við Fjallahöfn og fara yfir Lónsós. Vegagerðin taldi að ekki væri hægt að hnika vegstæðinu vegna þröngra aðstæðna og kostnaðarauka.

Fornleifastofnun Íslands skráði minjar á þessu svæði sumarið 1999. Við Fjallahöfn á Húsahjalla við voru skráðar verbúðir (NP-8-29) og beitarhús (NP-8-10) í fyrirhuguðu vegstæði og í skráningarskýrslu var lagt til að verbúðirnar yrðu fullrannsakaðar og skurður grafinn gegnum beitarhúsin. Vegagerðin á Akureyri tilkynnti Þjóðminjasafni Íslands um fyrirhugaðar framkvæmdir í samræmi við 21. gr þjóðminjalaga. Í framhaldi af því kannaði Þjóðminjasafnið staðinn þann 21. maí 2000 og úrskurðaði að nauðsynlegt væri að rannsaka þær rústir sem hyrfu undir veg eða yrðu fyrir raski af hans völdum. Fór Vegagerðin fram á að fornleifadeild Þjóðminjasafns tæki að sér nauðsynlega rannsókn á staðnum.

Fornleifanefnd veitti rannsóknarleyfi þann 26. maí 2000 og fór rannsóknin fram dagana 5. - 8. júní undir stjórn Guðmundar Ólafssonar. Aðstoðarmenn voru Þór Hjaltalín, sagnfræðingur á Þjóðminjasafni og Magnús Á. Sigurgeirsson jarðfræðingur. Einnig lagði Vegagerðin á Húsavík til aðstoðarmann dagana 6. - 8. júní.

Rannsóknin er skráð sem mál nr. 2000-5 í skráning- og upplýsingakerfið SARP.

Húsahjalli dregur nafn af beitarhúsum sem þar voru. Hjallinn er í um 50 m hæð yfir sjávarmáli og upp af honum, vestanmegin, er fjallshlíð Hafnarbjarga um 120 m há. Aðkoma að rústunum var mjög erfið. Til þess að komast að þeim þurfti að klífa niður bratta fjallshlíðina með allan búnað.

### Fornleifaskráning

Í skráningarskýrslu er eftirfarandi frásögn um minjarnar:

NP-008:29 3 tóftir verbúð

66°07.790N 016°57.303V

1712: "Verskáli hefur hjer einn verið, sem nú er af fallinn." segir í jarðabók Árna og Páls. Ekki er ljóst hvar þessi "verskáli" hefur verið en 3 verbúðalegar tóftir eru um 10 m austan við beitarhúsin á Húsahjalla við Fjallahöfn (010), fremst á austurbakka hjallans.


Þýfður lyngmói á grónum hjalla við stórgrýtta fjöru.

Tóftirnar eru mjög signar og hlaupnar í þúfur. Því er erfitt að greina lögun þeirra. Þær eru allar svipaðar að stærð. Sú nyrsta er um 5x4 m að stærð, sú í miðjunni er um 4x3 m og sú syðsta er um 5x4 m. Hleðsluhæð tóftanna er 0,2-0,3 m. Liggja tóftirnar þétt saman í röð á bakkanum og er líklega ekki meira en um 1 m á milli þeirra. Tóftir þessar ásamt beitarhúsunum eru í mikilli hættu vegna vegagerðar, en þær eru í nýja vegarstæðinu. Verbúðirnar fá hér sömu GPS-hnit og beitarhúsin (010).

**Hættumat:** mikil hætta v. vegagerðar.

**Heimildir:** JÁM XI, 276.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Oddgeir Hansson 1999:17.



Mynd 1. Flatarteikning af svæðinu. Hreinteikning GÓL.

### Vettvangsrannsókn

Byrjað var á því að grafa langsnið yfir tóft 1 og tóft 2 (T2000-5-2) til að átta sig á samhengi og þykkt jarðlaga. Þá var grafið snið yfir tóft 3 (T2000-5-4) og þversnið (T2000-5-3) yfir tóft 1. Tóft 2 og tóft 3 voru rannsakaðar að fullu en sniðin voru látin nægja í tóft 1. Flatarteikning af öllu svæðinu var gerð í mæli- kvarða 1:100.

### Tóft 1

Tóft 1 er um 2,7 m að lengd og 2 m breið að innanmáli. Veggirnir eru hlaðnir úr strengjatorfi eingöngu og rétt um 1 m breiðir. Hæð þeirra í sniði var um 40 cm. Í veggjatorfi er gjóskulag af Veidivatnasvæðinu (a-1477) sem talið er hafa fallið um 1477 og sýnir að torfið er skorið nokkru eftir að gjóskan féll. Í sniði mældist austurhliðin aðeins mjórri eða um 90 cm. Enginn inngangur



Mynd 2. Horft til norðurs yfir tóft 2. Til vinstri sést hvernig vesturhlíðin slútir fram yfir sig og hefur að hluta hrúnið inn í tóftina. Steinaröðin á miðri mynd markar frambrún bálksins í norðurhluta tóftarinnar. Inngangur er til hægri á myndinni. Sjórinn ofarlega til hægri sýnir að tóftin er reist fremst á brekkubrún. GOL20000508.

var sýnilegur á yfirborði. Ummerki í þversniði benda þó til þess að inngangur hafi verið nálægt suðausturhorninu. Í suðvesturhluta tóftarinnar hefur gólfíð verið grafið niður allt að 20 cm. Neðst í þessum niðurgrefti fannst nagli (F.11). Þvert yfir norðurhluta tóftarinnar virðist hafa verið um um 20 cm hár og 1,3 m breiður bálkur. Óljóst mannvistarlag sem er allt að 6 sm þykkt liggur ofan á gólfinu og upp á bálkinn og endar um 20 cm innan við norðurgafli hússins. Lagið er sótþandað, en ekki varð vart við viðarkol, brennd bein eða aðrar matargerðarleifar sem venjulega fylgja vistarverum manna. Yfir mannvistarlaginu er torf og torfusneplar, sem er líklega hrun úr veggjum og þaki. Í þessum hrunlögum eru nokkrir steinar. Mjög erfitt var að greina sundur mannvistarlag, hleðslur og hrundar hleðslur í þessu húsi og var því talið að frekari rannsókn myndi ekki skila neinum viðbótarupplýsingum sem máli skiptu. Gjóskulagið *a-1477* er óhreyft um 4 - 5 cm undir

torfveggjum. Tóftin getur því vart verið eldri en frá því um 1500. Miðað við eðlilega jarðvegsþykknun er hún sennilega nokkru yngri. Líklegast má telja að hún hafi verið í notkun á 16. öld.

### Tóft 2

Tóft 2 er um 4,2 x 3 m að innanmáli. Hún er sunnan við tóft 1 og norðurgafliinn er sameiginlegur suðurgafli tóftar 1. Innri veggjabrún er hlaðin upp með grjóti og ummerki bentu til þess að hún hafi verið hlaðin síðar en upprunalegi torfveggurinn í tóft 1.

Hugsanlega hafa tvö byggingarskeið verið í tóftinni. Tóft 1 og tóft 2 geta því hafa verið reistar samtímis úr torfi, en tóft 2 verið lagfærð síðar og grjóthleðslur í veggjum hennar tilheyrt seinna byggingarskeiðinu. Í upphafi hefur gólf hússins verið grafið niður um 20 - 30 cm. Upphaflega gólfíð er mjög greinilegt. Það er þykkast syðst, þar sem það er allt að 14 cm þykkt og blandað viðarkolum, brenndum beinum og móösku. Það





Mynd 3. Horft til austurs út um inngang á tóft 3 sem er milli steinaraðanna fyrir miðri mynd.GOL20000511.

þynnist eftir því sem norðar dregur í húsinu og um 1,2 m frá norðurgaflinum eru ekki nein viðarkol í gólfluginu. Ekkert eldstæði fannst í húsinu, en af matarleifunum að dæma virðist ljóst að þetta er íveruhús. Ofan á gólfinu er 6 - 10 cm þykkt lag torfusnepla sem bendir til þess að viðgerð á húsinu hafi farið fram.

Þar ofan á virðist hafa verið hlaðinn allt að 30 cm hár og 1,10 m breiður bálkur við norðurgaflinn sem afmarkast af steinaröð. Þessu yngra byggingarskeiði tilheyrir leirgult lag sem er um 2 - 6 cm þykkt og gæti verið gólflag.

Efsti hluti vesturhliðar tóftarinnar hafði fallið inn í tóftina og slútti neðri hluti veggjarins inn yfir sig. Í suðvesturhorninu eru flatar hellur neðst.

Norðan við tóft 3 fannst kúlulaga lás með lykkju neðarlega í sniði. Hann var yfir gjóskulaginu a-1477, en virtist vera undir veggjarhleðslu tóftar 2.

### Tóft 3

Tóft 3 er vestan við tóft 2 og skerst aðeins inn í suðvesturhorn hennar. Hún er um 4,5 x 2,3 m að

innanmáli. Við innri og ytri veggjarbrúnir eru undirstöður víðast hlaðnar úr grjóti. Sums staðar vantar þó steina í veggjahleðslur, m.a. í norðvesturhorni. Þar hefur torfið verið lagt beint á yfirborðið. Nokkra steina vantar líka í veggjahleðslu í suðausturhorni og þar vantar einnig alla steina í ytri veggjarbrún.

Steinaröð var við innbrún veggja þeirrar tóftar. Við SA hornið var lítil steinþró eða hólf. Austan við tóft 3 virðist í fyrstu vera annað lítið herbergi og gangur á milli. Þetta herbergi var nefnt tóft 4 og er alveg fremst á brekkubrúninni. Síðar kom í ljós að þetta voru veggjabrot úr tóft 3. Húsið var reist svo framarlega á brekkubrúninni að austurhliðin var að miklu leyti úr lagi færð vegna þess að hún hafði skriðið niður hliðina og hrunið fram yfir sig.

Um 70 cm breiður inngangur sem afmarkast af steinaröðum beggja megin er á miðri austurhliðinni. Gólfið lækkar þar til austurs og þunnar hellur benda til þess að þrep hafi hugsanlega legið við innganginn upp í húsið.



Mynd 4. Steinþró við suðurgafli tóftar 3. Hugsanlega eldstæði. GOL20000513.

Af sniðinu sést að gólfið hækkar í suðurenda hússins og vegna þess hvernig sniðið sker tóftina má ætla að rúmbálkar hafi verið meðfram vesturlanghlið þess. Við suðurgafli tóftarinnar, fyrir miðju, var eldstæði sem afmarkaðist af um 1,0 x 0,5 m steinaröð sem myndaði dálitla þró. Í henni voru beinaleifar.

Yfir gólfinu í tóftinni fundust nokkrar viðarleifar, m.a. fjögur borð sem lágu fyrir miðju húsi og voru um 30 cm á milli þeirra. Borðin sem eru frá 17 - 25 cm breið og 2 - 3 cm þykk eru líklega úr þakgrind hússins.

### Snið

Þrjú snið voru grafin við rannsóknina til að átta sig á samhengi og þykkt jarðlaga. Snið 1 er lang-snið yfir tóft 1 og tóft 2 (T2000-5-2). Grunnlína sniðs 1 var sett í 50 m hæð yfir sjó. Snið 2 er lang-snið yfir tóft 3 og nær einnig inn í vesturlanghlið tóftar 2 (T2000-5-4). Snið 3 er þversnið (T2000-5-3) yfir tóft 1.

Sniðin voru teiknuð í mælikvarða 1:20.

### Snið 1 (T2000-5-2)

Sniðið liggur bæði yfir tóft 1 og tóft 2 og gefur nokkuð góða hugmynd um gerð húsanna og innbyrðis afstöðu jarðlaga. Eftirfarandi listi er lýsing á einstökum lögum á sniðteikningum ásamt athugasemdum.

- 1 *Grasrót*
- 2 *Áfokslag*. Ljósbrún og sendin mold. Neðarlega í laginu var vottur af mannvistarleifum.
- 3 *Leirgult og brúnt lag* með steinum. E.t.v. hrun úr þaki og veggjum.
- 4 *Brún mold*, blönduð mannvistarleifum. Í þesu lagi fundust bein og skeifubrot.
- 5 *Gólfskán*. Sót, viðarkol, móaska og brennd bein.
- 6 *Veggjarhleðsla*. Innbrún suðurgafli.
- 7 *Veggjarhleðsla*. Norðurgafli.
- 8 *Veggjarhleðsla*. Hreyfð brún mold og torf
- 9 *Mannvistarlag*. Mannvistarlag.
- 10 *Brún mold*, blönduð mannvistarleifum. Svipað og lag 4.
- 11 *Gólfskán*. Mannvistarlag sem er dökkbrúnt í norðurhluta undir bálkinum. Sunnan við

bálkinn eru viðarkol, brennd bein og móaska í gólfskáninni sem er þykkust við suðurgaflinn.

- 12 *Áfok*. Sendin, ljósbrún mold.
- 13 *Veggjarhleðsla*. Brún með svartri gjósku í (1477).
- 14 *Eldri veggjarhleðsla*, ljós með svartri gjósku í (1477).
- 15 *Ljósbrún mold*.
- 16 *Heklugjóska* H~ 3. Um 3000 ára gömul.
- 17 *Ljósbrún mold*.
- 18 *Ísaldarmöl*.
- 19 *Veggjarhleðsla*. Ytri veggjarbrún suðurgafls. Torf með svartri gjósku í (1477).
- 20 *Torfusneplar*. Hrun úr veggjum og þaki tóftar 1.
- 21 *Torf og steinar*. Hrun úr veggjum tóftar 1.
- 22 *Ljósbrún mold*. Etv. áfokslag.
- 23 *Torf*, líklega hrun úr vegg.
- 24 *Veggjarhleðsla*. Strengjatorf í norðurgafli tóftar 1. Svört gjóska (1477) er í torfi.
- 25 *Torfusneplar*. Hrun úr vegg.
- 26 *Mannvistarlag*, þunnt og brúnt að lit.
- 27 *Mannvistarlag*, brún mold.
- 28 *Hreyfð mold og torfusneplar*. Líklega bálkur við norðurgafli.
- 29 *Sandur*. Áfok.
- 30 *Sandur*.
- 31 *Sandur*.

### Snið 2 (T2000-5-4)

Sniðið liggur eftir endilangri tóft 3 og norðaustan við tóftina kemur veggjahleðsla tóftar 1 fram í sniðinu. Í sniðinu sést að sandlag, sem liggur undir norðurgafli tóftar 3 og virðist vera yfirborðslag þegar tóftin er reist, liggur ofan á hleðslu tóftar 2. Sniðið sýnir því að tóft 3 er yngri en tóft 2. Skýringar:

- 1 *Grasrót*.
- 2 *Áfok*. Ljósbrún fokmold með einstaka viðarleifum og torfusneplum.
- 3 *Torf moldir*. Líklega hrun úr veggjum og þaki.
- 4 Brún sendin mold.
- 5 *Svefnbálgur?* Torfmoldir.
- 6 *Dökkbrún mold*, með viðarkolum og viðarleifum. E.t.v. hrun úr veggjum.
- 7 *Gólfskán* fyrir miðri tóft. Viðarkol og móaska syðst en dökkbrún mold nyrst.
- 8 *Veggjarhleðsla*. Suðurgafli tóftar 3. Veggurinn er hlaðinn úr streng og í torfi er gjóska frá 1477. Undirstöðusteinar eru við innri og ytri

veggjarbrún.

- 9 *Veggjarhleðsla* norðurgafls. Hlaðin úr strengjatorfi. Undirstöðusteinar eru við ytri og innri veggjarbrún.
- 10 *Mannvistarlag* ofan á svefnbálki.
- 11 *Ljósbrún sendin mold*.
- 12 *Ísaldarmöl*.
- 13 *Sandur*
- 14 *Gjóska*, a~1477.
- 15 *Ljósbrún sendin mold*.
- 16 *Gjóska*, H~1300.
- 17 *Veggjarhleðsla*. Vesturlanghlið tóftar 2.

### Snið 3 (T2000-5-3)

Skýringar á sniði:

*Grasrót*.

*Áfokslag* er undir grasrót.

*Torfusneplar* úr veggjum og þaki, blandaðir áfoksmold eru inni í tóftinni. Viðarleifar voru í miðju þessu lagi.

*Veggir* eru hlaðnar úr streng. Sneitt er af austurhliðinni í sniði sem bendir til þess að inngangur sé rétt hjá og sniðið skeri hann að hluta til.

Þunnt mannvistarlag er á botni hússins.

Undir veggjunum er sandur og óhreyfð gjóskulög frá 1300 og 1477.




### Fundur

Fundur voru 13 talsins. Í tóft 1 fannst járnagl; í tóft 2 fundust skeifubrot, 3 brýnisbrot, nagli og dýrabein. Í tóft 3 fannst brýnisbrot og dýrabein. Lás og skel fundust utan við tóftirnar.


### Niðurstöður

Tóftirnar sem rannsakaðar voru hafa líklega verið verbúðir. Frásögn jarðabókar ÁM og PV bendir til þess auk þess sem þeim svipar til verbúða sem lýst er í Íslenskum sjávarháttum.<sup>2</sup> Tóft 1 er t.d. afar lík verbúð frá Höskuldsey, þar sem er aðeins einn bálgur öðru megin í húsinu. Tóftir 2 og 3 líkjast verbúðum á Fastlandstanga í Skutulsei sem hefur inngang fyrir miðri langhlið og svefnbálka meðfram veggjum. Tóftirnar í Fjallahöfn virðast reyndar allar hafa sameiginlegt einkenni, sem er breiður bálgur við norðurgafli. Á flatarteikningunni hér að neðan er sýnd tilgáta að því hvernig tóftirnar á Húsahjalla geta hafa litið út.

Ekki fundust miklar minjar um burðarvirki hússins. Fáeinar leifar af fjölum og mjóum stöf-



Mynd 5. Sniðteikningar yfir verðhöfurrústir í Fjallahöfn.



Mynd 6. Tilgáta um hvernig grunnmynd verbúðanna á Húsahjalla gæti hafa lítið út. (G.ÓL).


um sem geta hafa verið úr þakgrindum sem fallið hafa inn í tóftirnar. Engar stoðarholur fundust í tóftunum og hafa stoðir líklega staðið á steinum eða á jörðinni.

### Aldur


Um aldur tóftanna er lítið hægt að segja annað en að þær eru allar nokkru yngri en gjóskulagið frá 1477. Að mati Magnúsar Á Sigurgeirssonar jarðfræðings, sem greindi gjóskulög á svæðinu, hafa að minnsta kosti líðið nokkrir áratugir frá því gosi áður en húsin voru reist. Verbúðirnar

hafa sennilega fyrst verið reistar á 16. öld og verið í notkun fram á 17. eða 18. öld. Hvað varðar innbyrðis aldur tóftanna þá virðist tóft 1, sem er hlaðin út torfi eingöngu, vera elst. Tóft 2 gæti reyndar verið jafngömul og upphaflega hafa verið hlaðin úr torfi, en verið lagfærð síðar og þá með steinhlöðnum innveggjum. Tóft 3 sker aðeins af horni tóftar 2 og virðist því vera hlaðin eftir að hætt var að nota tóft 2. Út frá afstöðu jarðlaga í sniðum má einnig ætla að aðeins ein verbúð hafi verið í notkun á hverjum tíma og að hún hafi verið flutt til þegar hún

Nr	Tegund	Efni	Mál	Teg. lags	Svæði	Aldur A	Aldur B	F. dagur	Teg.mannv.
1.5.2000	Skeifa	Járn	7,5x2,1x1,0	Gólfskán	Tóft 2	1550	1800	5.6. 2000	Verbúð
2.5.2000	Brýnisbrot	Hein	5,6x2,0x0,9	Gólfskán	Tóft 2	1550	1800	5.6. 2000	Verbúð
3.5.2000	Nagli	Járn	2,0x2,1x1,0	Gólfskán	Tóft 2	1550	1800	5.6. 2000	Verbúð
4.5.2000	Brýnisbrot	Hein	5,4x0,8x1,7	Gólfskán	Tóft 2	1550	1800	7.6. 2000	Verbúð
5.5.2000	Dýrsbein	Bein	14x2,7x1,3	Gólfskán	Tóft 2	1550	1800	7.6. 2000	Verbúð
6.5.2000	Dýrsbein	Bein	9,0x3,6x0,8	Gólfskán	Tóft 3	1550	1800	7.6. 2000	Verbúð
7.5.2000	Brýnisbrot	Hein	2,8x1,4x0,5	Gólfskán	Tóft 2	1550	1800	7.6. 2000	Verbúð
8.5.2000	Lás	Járn	2,9x2,2x3,8	Utanhúss		1550	1800	7.6. 2000	Mannvistarleifar
9.5.2000	Hespa	Járn	7,5x1,2x2,0	Gólfskán	Tóft 2	1550	1800	8.6. 2000	Verbúð
10.5.2000	Brýnisbrot	Hein	5,5x3,5x0,6	Gólfskán	Tóft 3	1550	1800	7.6. 2000	Verbúð
11.5.2000	Nagli	Járn	2,5x0,5x1,2	Gólfskán	Tóft 1	1550	1800	8.6. 2000	Verbúð
12.5.2000	Skel	Skel	7,6x1,9x1,4	Utanhúss		1550	1800	8.6. 2000	Í skurði norðan við tóft 3
13.5.2000	Dýrsbein	Bein	14,1x2,9x1,1	Utanhúss		1550	1800	8.6. 2000	Í skurði austan við tóft 3



Mynd 7. Verbúð í Höskuldsey, samkvæmt lýsingu Páls Guðmundssonar og Kristmanns Jóhannessonar (Íslenzkir sjávarhættir 2, bls. 420). Teikningin sýnir hvernig tóft 1 getur hafa litið út.



Mynd 8. Verbúð á Fastalandstanga samkvæmt lýsingu Péturs Þórðarsonar í Hjörsey (Íslenzkir sjávarhættir 2, bls. 414).



Mynd 9. Eitt af grjótbjrgjunum í fjörunni fyrir neðan Húsahjalla. Í baksýn sést stekkurinn NP-8-31 undir brekkunni. GOL20000520.

þarfnaðist endurnýjunar. Samkvæmt þessu hefur líklega aðeins staðið ein verbúð þarna fremst á Húsahjallanum á hverjum tíma, eins og frásögn jarðabókarinnar gefur til kynna. Prufuhola var grafin á milli verbúðatóftanna og beitarhúsanna vestan við tóft 3 til að kanna hvort einhverjar mannvistarleifar væru á því svæði. Í prufuholunni fundust engin mannvistarlög og aðeins voru 40 cm niður á forsögulega Heklungjósku (H-3).

### Aðrar minjar

Á Húsahjalla og við Fjallahöfn voru nokkrar fleiri minjar kannaðar og myndaðar.

### Brunnur?

Um 6 - 7 m norðan við tóft 1 er alldjúp kvos. Í henni er stór klettur sem er um 2 x 3 m í þvermál. Undir honum er djúp hola. Þarna er líklegt að hafi verið brunnur eða vatnsból fyrir beitarhús og/eða verbúðir.

### Beitarhús

Beitarhús standa um 10 m vestan við verbúðatættarnar. Þau eru mjög vel varðveitt og gætu verið frá fyrri hluta 20. aldar. Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti og veggjahæð er allt að 1,3 m. Þau voru mæld upp í mælikvarða 1:100. Þau skiptast í fjárhús og hlöðu. Fjárhústóftin er um 18 x 7 m að stærð. Eftir henni miðri er garði. Inngangur í fjárhúsin er á suðurgafli. Annar inngangur er á austurhlíð. Hlaðan er niðurgrafin norðan við fjárhúsin og aðskilin með grjóthlöðnum millivegg. Inngangur úr fjárhúsum er austast á milliveggnum. Norðvesturhorn hlöðunnar er hlaðið upp að stórum klettum sem mynda hluta veggjarins þar. Utan við suðausturhlíð fjárhússins mótast fyrir eldri tóft sem virðist vera tvískipt. Veggjahæð er aðeins um 15 cm.

Vestur af beitarhúsunum eru tvö ferhyrnd gerði í allmiklum halla. Það minna er um 9 x 7 m að ummáli og veggjahæð allt að 40 cm. Það vestasta er um 9 x 9 m að ummáli. Veggjahæð er allt að 1 m. Á milli þessarra þriggja mannvirkja er um tveggja metra breitt bil.

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar á Akureyri munu þessar minjar ekki verða fyrir raski vegna fyrirhugaðrar veglínu og þær voru því ekki rannsakaðar frekar. Ef forsendur breytast verður að endurskoða þá ákvörðun.

### **Fjaran**

Er svæðið austur af Húsahjalla var skoðað kom í ljós að stígur liggur í sneiðingi af hjallanum niður brekkuna alla leið ofan í fjöru. Fyrir utan grjóthlöðnu réttina eða stekkinn sem þar er skráður sáum við fleiri litlar grjóthlaðnar tættur. Sú skýrasta var aðeins um 1,5 x 1,5 m í þvermál. Þær lágu nokkrar í röð á gamla malarkambinum. Nær sjónum virtist einnig vera búðartóft, að mestu grafin undir stórgrýtiskamb. Um 50 - 100 m sunnar er grasi gróinn haugur sem virðist manngerður. Hann gæti verið um 5-6 m í þvermál neðst og etv. allt að 1,5 m hár. Þessar tættur munu liggja utan væntanlegrar veglínu og voru því ekki kannaðar nánar að þessu sinni. Samkvæmt útlagðri veglínu virðast þessar minjar ekki í hættu vegna vegagerðarinnar. Ef hins vegar kemur í ljós að minjarnar muni lenda undir uppfyllingu vegna veglínunnar þarf að kanna minjarnar í fjörunni betur.


### **Lokaorð**

Verbúdatætturarnar á Húsahjalla munu hverfa undir fyrirhugaðan veg, verði hann lagður. Minjastaðurinn við Fjallahöfn er mjög stórbrotinn og sérstæður og mikill missir að honum þess vegna. Hins vegar er fjöldi verbúdatófta frá svipuðum tíma til víða um land og því er ekki hægt að segja að minjarnar séu einstæðar í sinni röð. Með rannsókn á verbúðunum hefur vegagerðin uppfyllt þau skilyrði sem sett voru af hálfu Þjóðminjasafnsins fyrir því að leggja veginn yfir verbúðirnar. Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við áætlaðar framkvæmdir, enda sé fyllsta aðgæsla viðhöfð í námunda við minjarsvæðið svo að tryggt sé að aðrar minjar verði ekki fyrir raski.

### **Heimildir**

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. Þingeyjarsýsla. 11. bindi. Kaupmannahöfn. 1943.  
Lúðvík Kristjánsson. *Íslenzkir sjávarhættir 2*. Reykjavík 1982.  
Magnús Á. Sigurgeirsson. *Tjörnes, vegastæði við Breiðuvík*. Gjóskulagagreining.  
Oddgeir Hansson. *Lýsing á menningarminjum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við Tjörnesveg, Hringver - Breiðavík*. Reykjavík 1999





 <b>VEGAGERÐIN</b>		Norðausturvegur		
		Bangastaðir-Víkingavatn		
MÆLIKV. 1:5000	Hannað	Grunnmynd		
	Teikn.			1./3
	Yfirf.			
Breytt af	Samp.	Teikning 4		

# Rannsóknaskýrslur 2000

- 1 Minnimerki við Nesstofu á Seltjarnarnesi.  
Guðmundur Ólafsson.
- 2 Indriðastaðir, Skorradalshreppi.  
Fornleifaskráning vegna deiliskipulags.  
Magnús A. Sigurðsson.
- 3 Bræðratunguvegur. Mat á umhverfisáhrifum.  
Guðmundur Ólafsson.
- 4 Reykholt í Borgarfirði  
Framvinduskýrsla 2000  
Guðrún Sveinbjarnardóttir.
- 5 Fornleifaskráning á Miðnesheiði  
Archaeological Survey of Miðnesheiði  
Ragnheiður Traustadóttir.
- 6 Verbúðir á Húsahjalla  
Fornleifarannsókn við Fjallahöfn á Tjörnesi  
Guðmundur Ólafsson.



ÞJÓÐMINJASAFN  
ÍSLANDS